

M-54/2008 Álit 22. september 2008

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 22. september 2008 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-54/2008:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 1. ágúst sl. bað A, lögfræðingur hjá B, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa f.h. X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi. Álitsbeiðandi krafðist þess aðallega að viðurkennt yrði að henni væri óskýlt að greiða reikning fyrirtækisins Y, frá 7. febrúar 2008 vegna lekaviðgerðar. Reikningurinn er að fjárhæð kr. 1.238.469. Til vara krafðist álitsbeiðandi þess að henni væri aðeins skylt að greiða fyrirtækinu kr. 132.000 vegna viðgerðar á svalagólfi.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 5. ágúst sl., gaf kærunefndin Y kost á andsvörum við kröfugerð álitsbeiðanda og málatilbúnaði og frest til að skila andsvörunum til 18. ágúst. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 1. september sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu.

III

Málshöfðun Y

Hinn 9. september sl. staðfesti lögmaður álitsbeiðanda við formann kærunefndarinnar að Y hefði höfðað mál gegn álitsbeiðanda vegna framangreinds reiknings og hefði það mál verið þingfest að morgni sama dags.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og fyrirtækisins Y hafi fallið undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, sem viðskipti aðila falla undir.

Í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 segir eftirfarandi: „Nefndin vísar máli frá hafi dómur þegar fallið í því eða það er til meðferðar dómstóla eða gerðardóms.“ Þetta reglugerðarákvæði verður að skilja svo að kærunefndinni beri að vísa álitsbeiðni frá enda þótt mál sé höfðað eftir að álitsbeiðni berst nefndinni sé dómsmálið um sama ágreiningsefni og álitsbeiðnin nær til eins og er í því tilviki sem hér um ræðir. Verður af þessum sökum að vísa frá kærunefndinni álitsbeiðni B f.h. X, sem nefndinni barst 1. ágúst sl.

V

Álitsorð

Álitsbeiðni B f.h. X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir